
DEILISKRÁNING FORNLEIFA Í EFRA-NESI Í BORGARBYGGÐ



BRYNJA ÁRNADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1032-25081



Á forsíðumynd sést túngarður MH-070:020, horft til suðurs.

Myndina tók Brynja Árnadóttir

Minj_id: 3396_11

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan um 10 ha deiliskipulagsreits í landi Efra-Ness í Borgarbyggð. Innan svæðis er fyrirhugað að setja upp gisti- og þjónustutjöld fyrir ferðamenn. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd Camp2 ehf í febrúar 2025. Tólf minjar voru skráðar innan úttektasvæðis og voru þær allar skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Deiliskráning, Fornleifastofnun Íslands, Efra-Nes, landbúnaðarminjar, Borgarbyggð.

Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey at Efra-Nes in Borgarbyggð, within a 10-hectare assessment area. The Institute of Archaeology in Iceland carried out the survey on behalf of the landowners as part of project planning for a proposed tourist accommodation and service center. A total of 12 archaeological sites were identified within the area, all of which are considered to be at high risk due to the planned construction.

Keywords:


Detailed survey, Institute of Archaeology (Iceland), Efra-Nes, pre-industrial farming environment, Borgarbyggð.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	7
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	9
4. Fornleifaskrá	11
5. Niðurstöður	17
6. Heimildir	18
Viðauki I: Minjakort	19

1. Inngangur

Í febrúar 2025 vann Fornleifastofnun Íslands deiliskráningu innan 10 ha deiliskipulagssvæðis í landi Efra-Ness í Borgarbyggð fyrir hönd Camp2 ehf. Skráningin var gerð vegna fyrirhugaðra áforma um að setja upp gisti- og þjónustutjöld á svæðinu,



Mynd 1: Yfirlitsmynd af deiliskráningarsvæðinu. Á innfelldu korti er staðsetningin sýnd á Íslandskorti. ©Loftmyndr ehf.

innan heimatúnsins. Stór hluti úttekta­svæðisins eru sléttuð tún, bæði í rækt- og órækt, en meðfram norður- og vesturmörkunum er mýri (sjá mynd 1). Töluvert rask hefur orðið á svæðinu vegna ýmiskonar framkvæmda í gegnum tíðina en í dag eru húsin nýtt fyrir ferðaþjónustu.

Fornleifastofnun Íslands hefur unnið aðalskráningu á völdum jörðum í Borgarbyggð og kom sú skýrsla út árið 2009¹, en Efra-Nes var ekki ein af þeim jörðum sem þá voru teknar út. Áður en skráningin var unnin 2025 hafði engin vettvangsskráning verið unnin þar. Fornleifastofnun Íslands vann hins vegar heimildaúttekt (svæðisskráningu) fyrir jörðina og í raun allar jarðir norðan Skarðsheiðar árið 1996 og byggir úttektin á grunni hennar.²

Farið var á vettvang á þurrum og köldum degi í febrúarmánuði og var skráningin unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi. Úrvinnsla og skýrslugerð voru unnin í beinu framhaldi og voru ennfremur í höndum Brynju. Við skráningu var gengið skipulega um allt úttektarsvæðið, allar fornleifar hnitsettar og öll yfirborðsummerki minja mæld upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Á svæðinu voru skráðar alls 12 fornleifar. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Fornleifastofnun Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar. Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og minjakort.

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2009.

² Orri Vésteinsson 1996.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-263:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-263:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti,



Mynd 2: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í stórhættu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

MH-070 Efranes

24 hdr. 1847. Bændaeign. Sléttagerði eyðihjáleiga 1804. 24 hundr. 1709. Fyrst getið í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. JÁM IV, 323.

Bændaeign. JJ, 127.

Efranes var í eigu sömu ættar síðan 1869 eða lengur til 1991. Eigenda- og ábúandaskipti urðu 1991. BB III, 132.

Tún 6,3 ha. 1917. „Kvaðir öngvar...Afrétt sem áður segir á Hellistungur...Torfrista og stúnga næg...Reiðingsrista sæmileg oft so sem vera kann fyrir skógarhögg eður þvílíkt, sem hann þarf út að kaupa...Móskurður til eldiviðar nægur, brúkast árlega... Laxveiði í Þverá hefur áður brúkast, en nú ekki heppnast í margt ára... Landþröng er, og nýtur ábúandi þolinmæði náþúa sinna, en gelst ei tollur fyrir.“ JÁM IV, 323-324.

„Land jarðarinnar er flatlendi, sem nær frá Þverá suður að Kaðalsstaðaklettum, fremur þurrt mýr- og mólendi, allt grasgefið og gott ræktunarland, utan votlendisseyrur, sem áður voru botn Efranesvatns, en það var ræst fram fyrir allmörgum árum og er nú að hluta uppgróið. Vatnið var áður nytjað sem áveita og undirlendi með bökkum slegið.“ BB III, 132.

MH-070:001_1 Bæjarhóll bústaður

A 378666 N 465536

Á túnakorti frá 1917 er bærinn merktur vestarlega í heimatúninu og núverandi íbúðahús er suðaustan hans. Bæjarhóllinn er um 140 m norðvestan við Kaðalsstaðaveg sem tengir bæina Kaðalsstaði, Efa-Nes og Neðra-Nes og um 500 m sunnan við Þverá. Ekki sést til gamla bæjarins en núverandi íbúðarhús 001_02 er byggt ofan á honum með tilheyrandi jarðraski. Gera má ráð fyrir að enn sé mannvist undir sverði.

Bærinn og túnið vestan við hann standa á um þriggja metra háum hól/holti ofan við mýri sem er síblaut. Bærinn sjálfur er fast vestan við malarplan og gamla fjósið. Umhverfis bæinn, til norðurs, vesturs og suðurs eru slétt grasigróin tún. Engin ummerki bæjarhóls sjást á yfirborði. Á túnakortinu frá 1917 er eldri bærinn norðan við íbúðarhúsið og snéri austur-vestur. Bærinn er sýndur á svæði sem er 40x17 m stórt og snýr austur-vestur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

MH-070:001_2 hús bústaður

A 378666 N 465536



Bær MH-070:001_02 og brunnur MH-070:019, horft til norðvesturs.

Einbýlishúsið er byggt árið 1912, á bæjarhólnum en eldri torfbær var norðan þess. Íbúðarhúsið er steinsteypt og þriggja hæða. Steyptar tröppur eru að inngangi á norðvesturhlið sem leiðir beint í forstofu á annarri hæð hússins. Forstofan er byggð út og ofan á henni eru svalir. Þriðja hæðin er viðarkvistur og er hægt að ganga þar út á svalirnar. Það er einnig innangengt á suðausturhlið hússins en þar er gengið inn á jarðhæð úr garðinum. Búið er að helluleggja framan við báða innganga. Suðvestan og suðaustan við húsið er svo garður sem er afmarkaður af birkitrjáum. Í honum er viðarpallur, ljósastaur, gróðurhús og brunnur 019.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-070:002 heimild um fjárhús

A 378902 N 465610

Á túnakorti frá 1917 er útihús merkt um 240 m ANA við bæ 001 og um 30 m suðvestan við útihús 003. Útihúsið var í túni sem kallaðist Kastali og er staðsett í suðausturhorni heimatúnsins. Samkvæmt Sigurjóni Kárasyni, heimildamanni, voru þetta fjárhús.

Þar sem útihúsið var er nú sléttá tún. Til suðausturs er skurður og smá svæði í kringum hann sem er í órækt. Það er grasi gróið og þýft.

Ekki sjást nein ummerki útihússins á yfirborði. Það er þó um 0.3 m upphækkun í túninu þar sem útihúsið var að öllum líkindum og liggur upphækkunin eins og hryggur til ANA frá skurðinum í túninu. Upphækkunin gæti hafa myndast eftir að útihúsum 002 og 003 var rutt burt sem, samkvæmt heimildamanni, var gert áður en hann settist að á jörðinni 1978. Túnið var þó enn nokkuð gýtt og var það allt sléttáð ennfrekar á meðan hann bjó þar. Á óræktarsvæðinu við skurðinn, um 50 m frá þeim stað sem útihúsið hefur staðið, er grjóthruga sem mögulega hefur tilheyrt útihúsinu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

MH-070:003 heimild um útihús

A 378931 N 465626

Á túnakorti frá 1917 er útihús merkt um 280 m ANA við bæ 001 og um 30 m norðaustan við útihús 002. Útihúsið stóð í túni sem kallaðist Kastali og er staðsett í suðaustur horni heimatúnsins.

Þar sem útihúsið var er nú sléttá tún. Til suðausturs er skurður og smá svæði í kringum hann sem er í órækt. Það er grasi gróið og þýft.

Ekki sjást nein ummerki útihússins á yfirborði. Það er þó um 0.3 m upphækkun í túninu þar sem útihúsið hefur staðið og liggur upphækkunin eins og hryggur til ANA frá skurðinum í túninu. Upphækkunin gæti hafa myndast eftir að útihúsum 002 og 003 var rutt burt sem samkvæmt heimildamanni var gert áður en hann settist að á jörðinni 1978. Túnið var þó enn nokkuð gýtt og var það allt sléttáð á meðan hann bjó þar. Á óræktarsvæðinu við skurðinn, um 85 m frá þeim stað sem útihúsið hefur staðið, er grjóthruga sem mögulega hefur tilheyrt útihúsinu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Túnakort 1917

MH-070:004 heimild um útihús

A 378885 N 465689



MH-070:005, horft til norðvesturs.



Uppmæling af MH-070:005.

Á túnakorti frá 1917 er útihús merkt um 260 m frá bæ 001 í norðausturhorni heimatúnsins og um 80 m norðan útihúss 002.

Umhverfis útihúsið eru slétt tún. Fast til norðurs er girðing og enn norðar brekka. Neðan við brekkuna er grasigróin og þýfð mýri.

Þar sem útihúsið stóð er nú slétt tún. Það má greina smá upphækkun, um 0.1 m, en mörk hennar eru mjög ógreinileg. Hún er um 12 m á lengd og um 7 m á breidd og gæti verið eftir að útihúsinu var rutt burt. Samkvæmt Sigurjóni Kárasyni, heimildamanni, var það fyrir 1978 því engin útihús stóðu í túninu þegar hann flutti þangað það ár.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Túnakort 1917

MH-070:005 tóft kálgarður

A 378592 N 465529



Tóft MH-070:005. Á ljósmynd er horft til suðurs.



Uppmæling af tóft MH-070:005.

Kálgarður er rúmum 80 m vestan bæjar 001 og sést hann á túnakorti frá 1917 í norðvesturhorni heimatúnsins, Hann er um 50 m austan við skurð, rétt vestan heimatúnsins. Um þremur metrum ofan kálgarðsins í brekkunni er stakt birkitré.

Umhverfis kálgarðinn er grasigróin og þýfð mýri. Mýrin er síblaut og er hestum beitt í henni. Fast austan kálgarðsins er brekka og ofan á henni er slétt tún. Sunnan kálgarsins vex rabarbari.

Kálgarðurinn er grasi gróinn, 28 m að lengd, 7 m að breidd og veggir eru um 0,5 m á hæð að innan. Norður- og suðurmörk kálgarðsins eru mjög ógreinileg enda nokkuð jarðrask þar vegna hrossa sem beitt er í mýrinni neðan kálgarðsins. Vesturhlið hans er smá stallur, um 0,7 m á hæð, en austurhliðin er uppvið brekku. Í brekkunni og innan kálgarðsins eru einstöku steinar og gætu þeir hafa tilheyrt kálgarðinum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

MH-070:006 heimild um traðir

A 378685 N 465522



Heimreið þar sem traðir MH-070:006 hafa verið, horft til suðausturs.

Á túnakorti frá 1917 sést vegur, eða traðir, liggja í gegnum mitt heimatúnið, úr suðaustri að austurhlið bæjar 001. Framhald þeirra er skráð undir númeri 007.

Austan og vestan vegarins eru sléttuð tún. Skurður liggur norðaustur-suðvestur, í gegnum túnið, þvert á veginn miðjann en raskar honum ekki.

Ekki sést til gamla vegarins á yfirborði. Þar sem hann var er nú malarheimreið sem liggur nánast í norðvestur-suðaustur. Til norðvesturs endar hún sem malarplan milli bæjar 001 og gamla fjóssins en til suðausturs sameinast hún Kaðalstaðavegi. Norðaustur- og suðvesturhliðar hennar eru afmarkaðar af þéttri röð aspa. Meðfram norðausturhliðinni eru einnig fimm ljósastaurar sem stoppa þar sem skurðurinn kemur að heimreiðinni, miðjan veg að bænum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

MH-070:007 gata leið

A 378644 N 465597



Gata MH-070:007, horft til norðvesturs.

Á túnakoti frá 1917 er merktur vegur sem liggur í norðvestur frá bæ 001 og út úr heimatúninu. Þar stendur enn fremur: "Vegur á engjar." Samkvæmt heimildamönnum er vegurinn hluti af gamalli þjóðleið sem lá í norður að Þverá. Farið var yfir ána á Efranesvaði og hélt hún áfram að Bakkakoti.

Norðaustan og suðvestan leiðarinnar, innan heimatúnsins, er þýfð og baut mýri þar sem hestum er beitt.

Leiðin er ennþá notuð og sést vel á loftmynd en ekki í sinni upprunalegu mynd, hjólför eru vel sjáanleg að ánni. Næst bænum er leiðin grasi gróin, um 30 m á lengd, um 3 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Hún snýr í norðvestur-suðaustur. Við norðvesturhliðina er hlið sem raskar leiðinni en til suðvesturs liggur hún upp í brekku að malarplani og fjarar út þar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Túnakort 1917

MH-070:012 Álfhóll heimild um huldufólksbústað

N 378624 A 465452



Álfhóll MH-070:012, horft til suðvesturs.



Uppmæling af Álfhól MH-070:012.

Í örnefnaskrá segir "Í túninu eru nokkur nöfn. Suður frá bæ er hóll, sem heitir Álfhóll. Í honum er gluggatóft [012_2]." Álfhóll er um 70 m SSV við bæ 001 og um 95 m norðan Kaðalstaðavegar.

Fast suðaustan hólsins er skurður sem liggur í norðaustur að heimreið 006 og heldur áfram í gegnum túnið norðaustan hennar. Til norðurs er sléttuð tún og til vesturs er þýfð og blaut mýri. Hestum er beitt á svæðinu.


Hvorki fyrrum, né núverandi ábúendur, kannast við þetta örnefni né hólinn. Það er þó stór, stakstæður hóll gróflega suður af bænum sem líkur eru á að sé umræddur Álfhóll. Hóllinn er um 35x17 m stór og um 2 m á hæð á suðvesturhlið. Hann snýr suðvestur-norðaustur en fer lakkandi til norðausturs og er aðeins um 0,2 m þar. Hann er vel grasi gróinn og eru tvær dældir á suðausturhlið hans sem hestar koma sér oft vel fyrir í. Á þeirri sömu hlið hefur orðið nokkuð rof vegna skurðar sem er aðeins um 5 m frá og er nýbúið að grafa aftur ofan í.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Efranes a, 3



Brunnur MH-070:012, horft til ANA.



Uppmæling af bunn MH-070:019.

Brunnur er um 10 m suðaustan bæjar 001 og fast vestan heimreiðar 006. Hann er á hellulögðu svæði í garðinum framan (sunnan) íbúðarhússins.

Fast sunnan við brunninn er röð birkitrjáa sem afmarkar suðvestur og austurhlið garðsins sem brunnurinn er í. Suðvestan brunnsins er ljósastaur og gróðurhús en til vesturs er viðarpallur sem liggur upp við bæinn.

Brunnurinn er hringlaga, 3,5x3,5 m að stærð og um 0,8 m á hæð. Hann er hlaðinn þremur umföllum af grjóti á yfirborði og er veglegt rauðbrúnt viðarlok á brunninum. Samkvæmt heimildamönnum er brunnurinn frá því um 1900. Hann er um 6-7 m djúpur og kemur úr honum mikið og gott vatn sem dugði bæði fyrir heimilið og kýrnar. Ekki er vitað hversu mörg umföllum eru neðan jarðar í brunninum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Tóft MH-070:020. Á ljósmynd er horft til norðurs. Á uppmælingunni má sjá að túngarðurinn er staðsettur við mörk úttektaarsvæðisins.

Á túnakorti frá 1917 er girðing merkt umhverfis heimatúnið og virðist stærð túnsins hafa afmarkast af holtinu sem bærinn er á. Leifar túngarðs eru enn varðveittar um 110 m vestan bæjar 001 og um 40 m vestan við kálgarð 005.

Túngarðurinn er í þýfðri og vel gróinni mýri. Til austurs er girðing og til vesturs er skurður og eru aðeins 25 m þar á milli.

Túngarðurinn sem enn sést hefur afmarkað vesturhlið heimatúnsins og sáust enginn önnur merki túngarðs við hinar hliðar túnsins. Túngarðsbrotið er grasi gróíð og útlatt og eru mörk þess mjög ógreinileg. Það snýr í norður-suður og

um 50x1 m að stærð og hæst um 0,2 m. Norðurhlið þess er skorið af girðingu og suðurhliðin af skurði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

MH-070:021 *Lambhúsatún* heimild um lambhús

A 378663 N 465506

Að sögn heimildamanna heitir túnið vestan við afleggjarann að bænum Lambhúsatún. Það er fast vestan bæjar 001 og heimreiðar 006. Örnefnið bendir til þess að lambhús hafi verið á því svæði en ekki er vitað nákvæmlega hvar.

Lambhúsatúnið er sunnan við bæ 001 og mótar fyrir upphækkun sem gefur staðsetningu túnsins til kynna. Til norðurs og vesturs er þýfið og blaut mýri sem nýtt er til abeitar. Sunnan túnsins er skurður og lengra eru tún í órækt.

Engin merki mögulegs lambhúss eru á yfirborði. Túnið er grasi gróið og slétt og er búið að byggja átta viðarpalla í því. Á pöllum verða sett tjöld sem ferðamenn geta gisti í.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Tún MH-070:021, horft til VNV.

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umföllum niðurstöður deiliskráningar innan 10 ha úttektasvæðis sem nær yfir allt heimatún Efra-Ness. Við vettvangsvinnu voru skráðar 12 fornleifar innan úttektasvæðisins og tengjast þær nánast allar búaskap á jörðinni, t.d. kálgarður og brunnur. Þær voru flestar staðsettar vestarlega innan úttektarsvæðis, næst bænum. Fornleifarnar voru í misgóðu standi og sjö þeirra sjást ekki á yfirborði. Ástæðan fyrir því er misjöfn, þær hafa m.a. horfið vegna sléttunar túna eða byggingaframkvæmda. Leifar þeirra gætu þó enn leynst undir sverði. Þær minjar sem enn sjást hafa flestar orðið fyrir einhverju raski s.s. vegna girðinga, skurða og beitar.

Allar minjar sem skráðar voru innan úttektasvæðisins voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við gerð hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana. Í öllum tilfellum þótti hættan þó hvorki óhjákvæmileg né óyfistíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum. Þrátt fyrir að allar minjar sem þekktar eru úr heimildum og/eða af yfirborðsummerkjum hafi verið skráðar getur verið að áður óþekktar fornleifar komi í ljós við framkvæmdir. Ef sú staða kemur upp þá er það Minjastofnunar að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda.

6. Heimildir

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

BB: *Byggðir Borgarfjarðar. Mýrasýsla og Borgarnes*. III bindi. 1993. [Án útgáfustaðar]: Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2009. *Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð*. FS409-08071. Fornleifastofnun Íslands.

JÁM III: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. IV bindi. (1925-1927). Borgarfjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafjelag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Slóðin er: [https:// www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html](https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html)

Orri Vésteinsson. 1996. *Menningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar*. FS016-95033. Fornleifastofnun Íslands.

Óprentaðar heimildir:

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ö-Efranes ÁJ: Örnefnaskrá Efraness. 1890. Ásdís Jóhannesdóttir skráði. Árnastofnun.

Ö-Efranes AG: Örnefnaskrá Efraness. 1967. Ari Gíslason skráði. Árnastofnun.

Viðauki I: Minjakort

Kortin á næstu síðum eru unnin ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.



